

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs  
Ágúst Sigurðsson  
Strönd  
851 Hella

Reykjavík, 2. september 2019  
Tilvísun: 201904037/5.1

## Efni: Hræbrennsla Strönd - athugasemdir við drög að tilkynningu

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs hefur sent Skipulagsstofnun erindi, dags. 4. apríl 2019, þar sem tilkynnt er um hræbrennslu í þar til gerðum ofni á Strönd, Rangárvallasýslu, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000.

Í greinargerð kemur fram það álit Rangárþings ytra að framkvæmdin falli væntanlega undir tl. 11.14 í 1. viðauka laganna sem tekur til förgunar á sláturúrgangi.

Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerðinni kemur fram að áætlað sé að taka á móti allt að 2000 tonnum af dýrahæjum á ári og vegna þess mikla magns sem um er að ræða fellur slík starfsemi að mati stofnunarinnar undir tl. 11.02 í 1. viðauka þar sem segir eftirfarandi: „Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnun eða urðuð. **Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári**“. Það gerir það að verkum að um er að ræða framkvæmd sem fellur í svokallaðan A-flokk sem í eru framkvæmdir sem eru ávallt matsskyldar og á málsmeðferð sú sem lýst er í IV. kafla laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum við um þær.

Í leiðbeiningahefti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 2015 segir, „interpretation of definitions of project categories of annex 1 and 2 of the EIA directive“, að skilgreining á „waste incineration plant“ sé „hver sú stöð, föst eða færanleg sem ætluð sé í brennslu á úrgangi, með eða án orkuendurvinnslu...“ (any stationary or mobile technical unit and equipment dedicated to the thermal treatment of waste, with or without recovery of the combustion heat generated, through the incineration by oxidation of waste as well as other thermal treatment processes such as pyrolysis, gasification or plasma processes, if the substances resulting from the treatment are subsequently incinerated).

Með hliðsjón af þeirri skilgreiningu fellur áætlaður brennsluofn undir „aðrar förgunarstöðvar“ í tl. 11.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Hræin falla undir úrgang og magnið sem áætlað er að taka á móti er yfir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í tl. 11.02 í 1. viðauka.

Að mati Skipulagsstofnunar fellur dýrahæ ekki undir sláturúrgang og því á tl. 11.14 í 1. viðauka ekki við. Stofnunin gengur út frá því að hræin verða ekki til við slátrun.

Er það því niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin falli í A-flokk framkvæmda samkvæmt lögum 106/2000 og sé því háð mati á umhverfisáhrifum.



Jón Þórir Þorvaldsson